

Stjórnarfundur nr. 5

16. október 2013 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Guðmundur A Guðmundsson og Brynja Tomer.

Fundagerð ritar Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ra ehf.

Uppgjör hefur farið fram við bankann og bankinn hefur staðfest að eftirstöðvar lánsins verði felldar niður.

2. Fundur með stjórn Vinnuhundadeildar – kl.18.00

Sólrun Dröfn, Sigrún Guðmundsdóttir og Erla Heiðrún mættu frá Vinnuhundadeild. Farið var yfir ýmis málefni m.a.s breyting á bronsprófi, ágóði prófa og dómaramál, stjórn óskaði eftir að vinnuhundadeild sendi inn formlega beiðni um þessi málefni og þau yrðu í framhaldinu tekin til umsagnar stjórnar.

3. Fundur með fulltrúum stjórnar Fuglahundadeildar, Vorstehdeildar og Írsk setterdeildar vegna veiðiprófsreglna – tölvupóstur 18. september. Fylgiskjal. A-2546

Vilhjálmur Ólafsson kynnti málið fyrir stjórn. Umræður sköpuðust um málið, hver liður var ræddur og ákvarðanir teknar að breytingum. Vilhjálmur mun senda inn breyttar reglur.

4. Sólheimakot. Umræðufundur með væntanlegri Sólheimakotsnefnd sbr. samþykkt stjórnarfundar 7. október. – kl.19.20

Pétur Alan Guðmundsson kynnti málið í grófum dráttum fyrir hönd Sólheimakotsnefndar og nefndin mun senda stjórn tillögur og í framhaldinu mun stjórn álykta um málið.

5. Önnur mál

· Næsti fundur stjórnar verður færður til 20.nóvember, fulltrúaráðsfundur verður sama dag kl.19.30.

· Jólahittingur er áætlaður á skrifstofu 11.desember.

· Kynningafundur um ný dýraverndarlög er áætlaður í janúar með Sigurborgu Daðadóttur yfirdýralækni.

- Póstur frá Retrieverdeild vegna uppgjörs deildaviðburða. Fylgiskj. A-2547
- Bókun frá Brynju Tomer vegna ættbókaskráningar á hvolpum undan eineistungum. Fylgiskj A-2548

Fundi slitið kl.20.00